



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Álagningareglur fasteignagjalda fyrir árið 2012 **Samþykktar af sveitarstjórn Skagastrandar 21. desember 2011.**

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði 0,43% af álagningarstofni.
Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði 1,32% af álagningarstofni.
Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) 1,58% af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1,75% af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði 0,3% af fasteignamati, lágmark 7.000 kr. og hámark 26.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði 0,2% af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald / sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði 30.500 kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu. .
Sorpeyðingargjald verði 9.600 kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.
Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði 3.390 kr./hús í notkun.
Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.
Lóðaleiga verði 5.000 kr./ha.

Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega:

1. Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 36.000,- hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 2.400.221 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar.)
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 3.922.618 kr. (20% yfir óskertar lífeyristryggingar.)
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 18.000 hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 3.000.276 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar)
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 4.903.272 kr. (50% yfir óskertar lífeyristryggingar.)

Þeir sem telja sig eiga rétt til lækkunar fasteignagjalda en hafa ekki fengið hana við álagningu er bent á að sækja um hana til skrifstofu sveitarfélagsins.

Um greiðsluform.

- Til að spara pappír og sendingarkostnað verða greiðsluseðla eingöngu sendir til þeirra sem óska sérstaklega eftir því. Seðlarnir birtast annars rafrænt í heimabönkum greiðenda.
- Greiðsluseðlar verða sjálfkrafa sendir út til þeirra sem óskuðu eftir þeim 2011 nema fram komi óskir um annað.
- **Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu í síma 455 2700 ef óskað er eftir greiðsluseðlum vegna fasteignagjaldanna.**

Skagaströnd, 17. janúar 2012.

Sveitarstjóri